

Nr. 50/1908

Anna Kr. Bjarnadóttir.

gegn

ráðherra Íslands fyrir hönd
Fiskiveiðasjóðs Íslands.

D ó m u r:

Ráðherra Íslands sem stjórnandi Fiskiveiðasjóðs Íslands lögsótti fyrir gestarétti Reykjavíkur áfrýjandann, ekkju Péturs heitins Jónssonar blikksmiðs í Reykjavík, sem situr í óskiftu búi eftir mann sinn, til að endurgreiða nefndum sjóði höfuðstól og vexti láns að upphæð 15000 kr., er maður hennar hafði fengið úr sjóðnum og gefið fyrir veðskuldabréf 3. júní 1907 með 1. veðrétti í eign hans, botnvörpuskipinu Seagull, en skip þetta varð að strandi í Vestmanneyjum 8. desember f. á. og féll lánið fyrir það til útborgunar. Stefndi færði þó síðar kröfu sína niður fyrir gestaréttinum um 3326 kr.. 76 aura, er fengust fyrir skipið á nauðungaruppboði í Vestmanneyjum 13. júlí þ. á., og var krafa hans, þannig breytt, tekin til greina af gestaréttinum með dómi 19. sept. þ. á., er skyldaði áfrýjanda til að greiða stefnda 11673 kr. 24 aura, með 4⁰/₁₀ ársvöxtum frá 1. sept. þ. á. til borgunardags og 4⁰/₁₀ ársvöxtum af 15000 kr. frá 3. júní f. á. til 1. sept. þ. á. og í málskostnað 30 krónur.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 14. okt. þ. á. og krafist þess fyrst og fremst, að málinu verði vísað frá undirréttinum og stefndi dæmdur í málskostnað, en til vara að dómurinn verði úr gildi feldur og áfrýjandi eða bú hennar sýknað af kærnum og kröfum stefnda í málinu og stefndi dæmd-

ur í málskostnað. Af stefnda hálfu hefir þess aftur á móti verið krafist, að dómurinn verði staðfestur og stefnda dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandi byggir kröfu sína um frávisun málsins frá undirréttnum eða ómerking þess á því, að stefnda hafi verið óheimilt að gjöra hvorttveggja í senn, að lög-sækja áfrýjanda samkvæmt veðskuldabréfinu um alla lánsupphæðina og að leita borgunar í veðinu sjálfu með fjárnámi og nauðungaruppboði. En eins og áður er tekið fram, færði stefndi niður kröfu sína fyrir gestaréttinum um þá upphæð, er fekst inn við nauðungarsöluna á hinu strandaða skipi, og hann kom þeirri breytingu inn í málið áður en það var tekið undir dóm, fyrir úrskurð dómarans, er eigi hefir verið áfrýjað og því verður að standa óhaggaður. Frávisunar eða ómerk-ingarkrafan verður því eigi til greina tekin.

Að því er málefnið sjálft snertir, þá hefir áfrýjandi haldið því fram, að þó að maður hennar, Pétur heitinn Jónsson, hafi verið skuldunautur að hinu umkrafa láni samkvæmt veðskuldabréfinu 3. júní 1907, þá hafi orðið breyting á því við það, að hann seldi veðið Bárði nokkrum Kr. Guðmundssyni, sem hafði tekið að sér eða lofað að taka að sér endurborgun lánsins, og þó að maður hennar hafi eigi beinlínis verið leystur frá ábyrgð á láninu af skuldeiganda, þá hafi það orðið óbeinlínis þar sem stjórnarráðið hafi haldið sér beint til hans um váttrygging skipsins og viðurkent hann sem eiganda þess með því að útvega nýtt þjóðernisskírteini handa skipinu með hans nafni sem eiganda, en þetta alt hafi fest þá skoðun hjá Péttri Jónssyni, að hann væri leystur frá

ábyrgð á láninu að öllu leyti. Það verður þó ekki fallist á þessa sýknunarástæðu áfryjanda. Það er engin minsta sönnun fram komin fyrir því gegn mótmælum stefnda, að skuldareigandi hafi leyst hinn upprunalega skuldunaut frá ábyrgð hans á láninu og samþykkt að halda sér í hans stað að hinum nýja eiganda, enda virðist ekki einu sinni hafa verið farið fram á það nokkurn tíma við skuldeiganda, að skift væri um skuldunaut og breyting í þá átt gjörð á skuldabréfinu; og þó að stjórnarráðið sem umráðandi Fiskiveiðasjóðsins eða gjaldkeri sjóðsins hafi gefið hinum nýja eiganda einhverjar bendingar um kröfur skuldeiganda viðvíkjandi váttryggingu skipsins, þá lá ekki í því nein viðurkenning um að skift væri um skuldunaut fyrir láninu, og því síður lá þetta í því, þótt gefið væri út nýtt þjóðernisskírteini handa hinum nýja eiganda skipsins; hann átti heimtingu á að fá það úr því að hann var orðinn eigandi skipsins, og eigandaskifti að veðinu höfðu engin áhrif á rétt skuldeiganda að neinu tilliti og gat hann því látið sér á sama standa um þau. Það verður þannig að fallast á það, að áfryjandi, sem situr í óskiftu búi eftir mann sinn og því á að svara til skulda hans, er með hinum áfryjaða dómi dæmd til að greiða hina umstefndu skuld eins og hún er ákveðin í gestaréttardóminum ásamt þar til greindum vöxtum, og ber því að staðfesta téðan dóm í öllum greinum, einnig málskostnaðarákvæði hans. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfryjandi greiði stefnda 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi Anna Kr. Bjarnadóttir stefnda, ráðherra Íslands fyrir hönd Fiskiveiðasjóðs Íslands, 30 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaðför.

